

Handbók um velferð og öryggi barna í Grunnskóla Grundarfjarðar

Heimilisfang: Borgarbraut 19, 350 Grundarfirði

Skrifstofa: 430 8550

Netfang: grunnskoli@gfb.is

Vefur: grundo.is

Skólastjóri: Sigurður Gísli Guðjónsson

Efnisyfirlit

Kynning á handbók um öryggi og velferð barna í Grunnskóla Grundarfjarðar	6
Lög og reglugerðir, námskrá og fleira sem gildir um grunnskóla.....	6
1. Velferð barna og ungmenna	7
Sýn skólans á velferð.....	7
Forvarnir.....	8
Réttur barna	9
Tilkynningaskylda til barnaverndarnefnda	9
Skólabragur	10
Starf skólans gegn ofbeldi.....	10
2. Netöryggi – rafrænt öryggi nemenda	11
3. Slysavarnir og líkamlegt öryggi.....	12
Forvarnir og fræðsla.....	12
Fræðsla starfsmanna um öryggismál.....	12
Öryggisferlar og viðbragðsáætlanir	13
Hlutverk og ábyrgð.....	13
Reglubundnar æfingar á öryggisferlum	13
Tegundir viðbragðsáætlana.....	14
Viðbragð – Eldur.....	14
Viðbragð – Slys	14
Viðbragð – Náttúruvá.....	14
Viðbragð – Ofbeldi og áreitni	14
Grunnupplýsingar um nemendur vegna slysa og bráðaveikinda.....	14
Nauðsynlegar upplýsingar um nemendur vegna slysa og bráðaveikinda.....	15
Sjúkarkassi	15
Öryggisatriði í upphafi skólagöngu í nýjum skóla	16
Viðmið um heilsutengdar forvarnir og fræðslu í skólum	17
4. Öryggi í námsumhverfi (inni og úti).....	17
Fyrirbyggjandi aðgerðir	18
Starfsmenn	18

Skólastofur.....	19
Hljóðvist.....	19
Rödd og raddvernd	19
Matmálstímar	20
Húsgögn.....	20
Hurðir, hurðapumpur og klemmuvarnir	20
Opnanleg fög.....	21
Gluggakistur	21
Gardínubönd.....	21
Miðstöðvarofnar, rafmagnsofnar, blöndunartæki og heitt vatn.....	21
Stigar og tröppur.....	22
Salerni.....	22
Eldhús.....	22
Eiturefni og eitraðar plöntur.....	22
Rafmangsöryggi	22
Kerti og eldfim efni.....	22
Námshöggn og leikföng	23
Íþróttahús.....	23
Ábyrgð íþróttakennara	23
Sund	23
Ábyrgð skólastjóra og sundkennara.....	24
Námsumhverfi úti.....	24
Starfsmenn	25
Lýsing.....	25
Ljósastaurar, girðingar og hlið úr járn.....	25
Ruslaskýli, tunnur og gámar.....	25
Hjólastandar	25
Umferð og bílastæði við skólalóð.....	26
Göngu- og hjólaleiðir barna í skólann.....	26
Akstur með aðföng og önnur umferð á skólalóðinni	26

Göngustígar og gangstéttar	26
Tröppur, rampar og handrið.....	27
Hálka	27
Leikvallataeki	27
5. Eftirlit	28
Innra eftirlit	28
Eftirlit starfsmanna.....	29
6. Öryggi í skólaferðalögum.....	30
Strætisvagnar og rútuferðir.....	30
Bátsferðir.....	31
Akstur með börn í bílum starfsmanna	31
7. Slys.....	32
Að hefja skyndihjálp og sinna barni þar til sjúkrabíll kemur	32
Að koma ró á svæðið - Hinn slasaði gengur alltaf fyrir	32
Fyrstur á slysstað.....	32
Fjögur skref skyndihjálpar	33
Greiningarstig áverka	33
Hringt á sjúkrabíl og sjúkrakassi sóttur	33
Hvernig á að hringja í Neyðarlínua - 112.....	34
Viðbrögð gagnvart vitnum og öðrum börnum á slysstað.....	34
Tilkynning til foreldra um slys á barni	35
Slys sem ekki eru talin lífshættuleg	35
Símtalið.....	35
Lífshættulegt ástand	35
Eftir slys.....	36
Skráning slysa í skólum	36
Hvenær á að skrá slys í skóla?	36
Að hverju þarf að gæta þegar skráð er?	36
Undirritun foreldra á slysaskráningarblaðið og afrit af því	37
Hvað er gert við slysaskráningarblöðin?	37

Lögregluskýrsla.....	37
Slys á börnum sem gera skal lögregluskýrslu um	38
Endurskoðun öryggismála eftir slys.....	38
Viðtal við foreldra eftir alvarlegt slys.....	39
Skólaráð og foreldrafélag	39
Tilkynning á slysi – Hvert ber að tilkynna?	39
Tilkynning til rekstraraðila	40
Heilbrigðiseftirlit.....	40
Tilkynningar til tryggingafélaga.....	40
8. Almannavarnir og viðbrögð við eldvörnum og náttúruvá.....	41
Rýming.....	41
Eldvarnir.....	41
Náttúruvá	42
Loftgæði og svifryk.....	42
Eldingar	42
Fárviðri.....	43
Flóðbylgjur	43
Endurskoðun öryggisáætlunar næst árið 2029 - full yfirferð og endurútgáfa.....	44

Kynning á handbók um öryggi og velferð barna í Grunnskóla Grundarfjarðar

Þessi öryggishandbókin gildir fyrir Grunnskóla Grundarfjarðar og er unnin til að tryggja öruggt náms- og vinnuumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk. Hún byggir á leiðbeiningum stjórnvalda og bestu starfsvenjum og tekur mið af aðstæðum og ferlum skólans. Áætlunin tekur mið af gildandi lögum og reglugerðum um grunnskóla, húsnæði, öryggi og slysavarnir. sbr. lög nr. 46/1980 og reglugerð nr. 920/2006. Einnig reglugerð 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt. Stefna um öryggi og heilbrigði gildir um allt starfsfólk og nemendur Grunnskóla Grundarfjarðar, hvar sem það er að störfum á vegum skólans. Vísað er til Handbókar um velferð og öryggi barna í grunnskólum.

Lög og reglugerðir, námskrá og fleira sem gildir um grunnskóla

Við gerð þessarar áætlunar er tekið mið af eftirfarandi lögum og reglugerðum.

- [Aðalnámskrá grunnskóla](#)
- [Barnalög, nr.76/2003](#)
- [Barnaverndarlög, nr. 80/2002](#)
- [Byggingarreglugerð, nr. 112/2012](#)
- [Lög um almannavarnir, nr. 82/2008](#)
- [Lög um grunnskóla, nr.91/2008](#)
- [Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins \(Barnasáttmálinn\), nr. 19/2013](#)
- [Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995](#)
- [Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011](#)
- [Reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002](#)
- [Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald, nr. 658/2009](#)
- [Reglugerð um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003.](#)
- [Reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum, nr. 348/2007](#)
- [Reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, nr. 657/2009](#)
- [Reglugerð um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 944/2014](#)
- [Reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002](#)
- [Reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009](#)
- [Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari tíma breytingum](#)
- [Leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga á grundvelli 13. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum](#)

1. Velferð barna og ungmenna

Grunnskóli Grundarfjarðar á að vera griðastaður barnanna og mikil ábyrgð hvílir á starfsfólki að hlúa að börnum og veita þeim öryggi í daglegu starfi. Velferð allra er sameiginlegt verkefni en félagsleg staða nemenda og starfsmanna er ólík. Það er mikilvægt að nemandi njóti bernsku sinnar og eigi góðar minningar úr skóla.

Þegar fjallað er um velferð nemenda er horft til þriggja þátta, þeir eru:

- Félagslegt öryggi nemenda og að þeir séu metnir út frá eigin verðleikum.
- Tilfinningalegt öryggi nemenda sem finna væntumþykju annarra.
- Traust þar sem nemendur átta sig á að þeir geti treyst þeim sem eru að mennta þá.

Með ofbeldi er í þessari handbók átt við andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í öllum birtingarmyndum þess.

Sýn skólans á velferð

Sýn Grunnskóla Grundarfjarðar er byggð á menntastefnu sveitarfélagsins sem finna má á heimasíðu skólans.

<https://www.grundo.is/static/files/Aaetlanir/menntastefna-grundarfjardarbaejar-2023.pdf>

Bernsku- og unglingsárin eru mikilvægt skeið í ævi hvers einstaklings og leitast skólinn við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og unglinga. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skóla sem utan.

Í Grunnskóla Grundarfjarðar eiga er að nemendur njóta öryggis, velferðar og vellíðanar og fái gott veganesti út í lífið. Við mætum þörfum nemenda í samræmi við stöðu hvers og eins svo þau geti öll notið styrkeika sinna sem best.

Skólinn í samstarfi við foreldra, kappkostar að fylgjast með og efla alhliða þroska allra barna, veita þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Samkvæmt [reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011](#) eiga Stjórnendur og kennarar samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar upplýsa foreldra reglulega um

skólabrag og bekkjaranda og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvorutveggja.

Skólinn á frumkvæði að því að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Kennarar og starfsfólk sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum, menningu og aðstæðum skilning og virðingu.

Barn sem býr við tilfinningalegt og félagslegt öryggi í skóla er líklegt til að geta metið stöðu sína og náð árangri á eigin forsendum.

Forvarnir

Skólinn vinnur markvisst að forvörnum með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Fræðsla til starfsmanna, foreldra og nemenda er mikilvægur þáttur forvarna.

Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og virkrar þátttöku í samfélaginu. Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, hvort það hefur trú á eigin hæfni og er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í skóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barns og góðri heilsu. Í skólum gefst tækifæri til að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan óháð efnahag og aðstæðum á heimili nemenda. Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja öryggi, vellíðan og vinnufrið til þess að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Almenn menntun miðar að því að efla sjálfsskilning einstaklingsins og hæfni hans til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hugtakið hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Nemendur þurfa að vita hvað þeir kunna og hvað þeir geta og hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði.

Forvarnarstefna Grunnskóla Grundarfjarðar er birt á heimasíðu skólans.

<https://www.grundo.is/static/files/Aaetlanir/forvarnarstefna-2024-2025.pdf>

Réttur barna

Allir nemendur eiga rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Jafnrétti til náms þýðir að nemandi eru sköpuð bestu skilyrði á hans forsendum, óháð félagslegri og námslegri stöðu. Nemendur eiga að njóta styrkleika sinna og þeim á 12 að leiðbeina til að draga þá fram. Nemandi sem stöðugt upplifir að verða undir og ná ekki settu marki, finnur fyrir vanlíðan og vanmætti í skóla. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna.

Skólum ber að sinna forvarnarstarfi með því að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra. Starfsfólk skóla skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái notið sín sem best.

Samkvæmt barnalögum, nr. 76/2003, á barn rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska og án mismununar af nokkru tagi. Óheimilt er að beita barn hvers kyns ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess. Barn á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18/1992, segir að með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnisýslu.

Í [barnaverndarlögum, nr. 80/2002](#), segir að allir sem hafi uppeldi og umönnun barna með höndum skuli sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Í [lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008](#) (22. og 23. gr.) er komið inn á ábyrgð skólastjórnenda sem ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólum og ábyrgð þeirra á viðeigandi fræðslu til nemenda um jafnréttismál.

Tilkynningaskylda til barnaverndarnefnda

Í [barnaverndarlögum, nr. 80/2002](#), stendur að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi, eða að barn stofni

heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu, sé skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er skólastjórum, kennurum, þroskaþjálfum og öðrum þeim sem koma að málefnum barna í skólasamfélaginu skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu óviðunandi. Tilkynningaskylda gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Á vef Barna og fjölskyldustofu, BOFS, má finna verklagsreglur um tilkynningaskyldu <https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/KDbuNzNxSYPK2aSMhdn50/27992927bf05f1789fdefba73b2215b4/Verklagsreglur-um-tilkynningaskyldu-starfsmanna-leik-og-grunnskola-2022.pdf>.

Skólabragur

Grunnskóli Grundarfjarðar leggur áherslu á jákvæðan skólabrag sem verndar og styrkir nemandann. Það er gert með lýðræðilegum vinnubrögðum þar sem leitast er við að mæta hverjum og einum af virðingu og tillitssemi þar sem hann er staddur hverju sinni.

Við leggjum áherslu á að bæði

Starf skólans gegn ofbeldi

Þegar talað er um ofbeldi er átt við andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í öllum birtingarmyndum þess. Þegar unnið er að ofbeldisforvörnum er mikilvægt að það sé gert á heildrænan máta.

Í 7. grein [reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélaginu í grunnskólum, nr. 1040/2011](#) segir að allir skólar skuli hafa heildstæða stefnu fyrir skólann til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun. Skólum ber að setja sér aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum. Áætlunin skal ná til allrar starfsemi og alls starfsfólks skóla og skal kveða á um skyldur þess til að vinna gegn einelti með ábyrgum og virkum hætti. Áætlunin skal ná til allra nemenda og styrkja þá til að bera virðingu hver fyrir öðrum, sýna tillitssemi og samkennd og taka afstöðu gegn einelti.

Grunnskóli Grundarfjarðar hefur sett sér stefnu og ferla gegn einelti <https://www.grundo.is/static/files/Aaetlanir/eineltisaetlun-2024-25.pdf> til að vinna eftir ef upp kemur grunur um einelti.

Aðilar skólasamfélagsins (foreldrar og forráðamenn nemenda, nemandi, starfsfólk skóla, stjórnendur skóla), auk annarra aðila sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómstundastarfi sem hefur stoð í grunnskólalögum, geta óskað eftir aðstoð fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu skólaþjónustu sveitarfélaga. Fagráðið starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis en umsýsla þess er hjá Menntamálastofnun. Ráðuneytið gefur út verklagsreglur um starfsemi fagráðsins, málsmeðferð og eftirfylgni að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi eru órjúfanlegur þáttur í að skapa nemendum öruggt umhverfi og taka til skólans í heild, einstakra námshópa og einstaklinga. Hver kennari ber ábyrgð á að framfylgja með virkum og ábyrgum hætti aðgerðaáætlun skólans gegn einelti og skólastjóri ber ábyrgð á að starfið sé samhæft.

Ferlar vegna hverskyns ofbeldis, andlegu, líkamlegu og kynferðislegu eru í vinnslu á meðan er stuðst við ferla sem unnir eru af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

2. Netöryggi – rafrænt öryggi nemenda

Grunnskóli Grundarfjarðar fylgir leiðbeiningum frá SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) og samtökunum Heimili og skóli, sem hafa í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti tekið saman almenn viðmið um birtingu myndefnis, meðferð upplýsinga um börn á netinu og notkun samfélagsmiðla. <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/SAFT---Almenn-vidmid-um-heimasidur-skola-og-fl..pdf>

Almenn viðmið um birtingu myndefnis og upplýsinga um börn á netinu byggja á vernd einkalífs, upplýstu samþykki og öryggi.

Persónuverndarfulltrúi skólans veitir ráðleggingar og aðrar upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga og myndbirtingar.

Hægt er að tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi efni á neti í gegnum ábendingahnapp Barnaheilla <https://www.barnaheill.is/is/abendingalina>

3. Slysavarnir og líkamlegt öryggi

Forvarnir og fræðsla

Allir starfsmenn skólans þurfa að kunna skyndihjálp og viðhalda þeirri þekkingu með því að fara yfir og æfa reglulega viðbrögð við slysum og vá. Starfsfólk skólans sækir námskeið í slysavörnum og skyndihjálp að jafnaði annað hvert ár. Þegar nýir starfsmenn hefja störf í skólanum er mikilvægt að þeir komist á námskeið í slysavörnum og skyndihjálp eins fljótt og auðið er. Þeir sem halda námskeið í slysavörnum fyrir starfsmenn skóla skulu hafa til þess réttindi. Einnig er mikilvægt að starfsmenn skóla æfi reglulega viðbrögð við mismunandi slysum. Allt starfsfólk skóla ber ábyrgð á börnum meðan þau eru í skólanum og verður að grípa inn í ef barn sýnir af sér hegðun sem getur leitt til slysa. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um hvaða hættur geta leynst í skólum og umhverfi þeirra og hvar.

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir minniháttar slysum og metur áverka þegar hann er á staðnum sem er eingöngu einn dag í viku að jafnaði. Annars er það hlutverk starfsmanna skólans. Umsjónarkennari hóps þarf að tryggja að hann sé alltaf með á hreinu fjölda nemenda sem hann er með hverju sinni.

Fræðsla starfsmanna um öryggismál

Öryggi nemenda í skólanum er forgangsmál. Það er því mikilvægt að allir starfsmenn fái þjálfun í öryggismálum. Mikilvægt er að þjálfun í öryggismálum byrji um leið og starfsmenn taka til starfa.

Það sem þarf að hafa í huga fyrir alla starfsmenn er meðal annars:

- Námskeið um slysavarnir og skyndihjálp annað hvert ár til að starfsmenn geti endurnýjað skyndihjálparréttindi sín.
- Árleg upprifjun á kunnáttu og þekkingu starfsmanna í öryggismálum og viðbrögðum skólans við slysum, bruna og annarri vá.
- Regluleg upprifjun starfsmanna í viðbragðsáætlunum og öryggisferlum skólans.

Fyrir nýja starfsmenn þarf sérstaklega að huga að:

- Kynningu á viðbragðsáætlunum og öryggisferlum skólans.
- Kynningu á staðsetningu sjúkrakassa og öryggisupplýsinga.
- Slysavarnanámskeið eins fljótt og auðið er.

Öryggisferlar og viðbragðsáætlanir

Skólinn vinnur eftir ákveðnum ferlum ef á þarf að halda vegna rýmingar, náttúruvá, slysa, bráðaveikinda eða ofbeldis/áreitni.

Grunnskóli Grundarfjarðar birtir rýmingaráætlun á heimasíðu skólans.

Verið er að vinna áætlun um viðbrögð í neyðartilfellum og áætlun um viðbrögð við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum og fl.. Á meðan er stuðst er við áætlanir og ferla frá MMS. Annars vegar er um að ræða leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilfellum

https://mms.is/sites/mms.is/files/vidbragdsleidbeiningar_fyrir_skolastofnanir_leidbeiningar_um_vidbrogd_i_neydartilvikum_utgafa_1.0_dags_18.01.2021.docx.

Hins vegar viðbragðáætlun fyrir skóla við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum og fl.

https://mms.is/sites/mms.is/files/snidmat_ad_vidbragdsaaetlun_fyrir_skola_vidbrogd_vid_ognunum_naturuva_smitsjukdomum_efnaslysum_o.fl_.utgafa_2.0.docx

Áætlun um viðbrögð við hvers kyns áreitni og ofbeldi ásamt verkferlum er í vinnslu innan skólans. Athuga hvort áætlun Grundarfjarðarbæjar virkar ekki fyrir okkur.

Hlutverk og ábyrgð

Í þeim áætlunum og stefnum sem skólinn hefur sett sér er s.s. rýmingaráætlun, eineltisáætlun, og viðbragðsáætlunum s.s. við áföllum er hlutverk viðkomandi starfsmanna skýrt. Allt starfsfólk á að vita hvert hlutverk þess er ef upp kemur neyðarástand. Stjórnendur öryggismála á vinnustað eiga að tryggja öryggi nemenda, eigið öryggi, öryggi starfsfólks og að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum og gerð áhættumats.

Reglubundnar æfingar á öryggisferlum

Mikilvægt er að viðbrögð við ólíkum aðstæðum, svo sem alvarlegum slysum, eldi eða náttúruvá séu æfð reglulega. Með því að æfa mismunandi viðbragðsáætlanir reglulega verður þekking og færni starfsfólks meiri og betri. Það eykur líkur á að unnt sé að bregðast fumlaut við mismunandi aðstæðum. Mikilvægt er að skólustjóri feli einum starfsmanni að fylgjast með æfingunni og skrá niður hvernig gengur þannig að ef upp koma vandamál sé til skráning að æfingu lokinni sem farið er yfir, það sem miður fór rætt og fundnar leiðir til úrbóta. Slíkt ferli er mjög lærdómsríkt og eykur öryggi starfsmanna. Viðbragðsáætlanir vegna slyss og eldsvoða er mikilvægt að æfa tvisvar sinnum á ári. Viðbragðsáætlun við vá er mikilvægt að æfa einu sinni á ári

Tegundir viðbragðsáætlana

Allt starfsfólk er þjálfað í skyndihjálp og sækir námskeið að jafnaði á tveggja ára fresti. Sjúkrakassi er hjá ritara. Hlutverk þess sem kemur fyrstur á vettvang er skýrt.

Viðbragð – Eldur

- Virkja brunaviðvörðun ef hún virkjast ekki sjálfkrafa og kalla á aðstoð (112).
- Rýma svæði/byggingu skv. **rýmingaráætlun**; fara á samkomustað.
- Kennarar telja nemendur aftur þegar komið er á samkomustað; skrá ef einhvern vantar og tilkynna ritara/stjórnanda.
- Sinna skyndihjálpi eftir þörfum; veita upplýsingar til 112.

Viðbragð – Slys

- Tryggja öryggi; meta ástand og stöðva hættu.
- Hringja í 112 ef þörf krefur; annars sinna skyndihjálpi.
- Tilkynna skrifstofu skólans og forráðamönnum.
- Skjalfesta atvik í atvikaskrá skólans.

Viðbragð – Náttúruvá

- Fylgja tilkynningum almannavarna og veðurviðvörðunum.
- Halda nemendum inni/í öruggu skjóli eftir þörfum.
- Upplýsa foreldra eftir leiðbeiningum skólans.
- Undirbúa rýmingu ef fyrirmæli berast.
- Passa að nemendur fari ekki einir úr skólanum heldur séu sóttir af forráðmanni eða einhverjum sem hann tilnefnir í sinn stað.

Viðbragð – Ofbeldi og áreitni

- Tryggja öryggi og stöðva atvik; aðgreina aðila.
- Meta ástand; skyndihjálpi/112 ef nauðsyn krefur.
- Tilkynna skólastjórnendum; skjalfesta staðreyndir tafarlaust.
- Vinna bráðabirgðaöryggi (fjarlægð, umsjón, vöktun);
- Tilkynna forráðamönnum; meta tilkynningu til barnaverndar/lögreglu.
- Skipuleggja eftirfylgni.

Grunnupplýsingar um nemendur vegna slysa og bráðaveikinda

Upplýsingar um ofnæmi, sjúkdóma og aðra þætti sem skipta máli eru varðveittar á öruggan hátt og aðgengilegar viðeigandi starfsmönnum. Mikilvægt er að skólinn hafi grunnupplýsingar um nemendur í tengslum við bráðaofnæmi, sjúkdóma eða slys sem getur þurft að bregðast við fyrirvaralaust. Upplýsingarnar þurfa að vera skriflegar og

Þær geymdar á aðgengilegan hátt þar sem allt starfsfólk skólans veit um þær og getur nálgast þær þegar þörf krefur. Staðurinn þar sem sjúkrakassinn er geymdur og aðrar upplýsingar um viðbrögð við eldsvoða, slysum eða náttúruvá gæti hentað. Foreldrar bera fyrst og fremst ábyrgð á að slíkar upplýsingar séu réttar. Í byrjun hvers skólaárs er mikilvægt að skólinn hafi frumkvæði að því að yfirfara upplýsingarnar í samráði við foreldra og fái ávallt upplýsingar um breytingar.

Nauðsynlegar upplýsingar um nemendur vegna slysa og bráðaveikinda

- Nafn barns.
- Kennitala barns.
- Er barnið með ofnæmi? Nauðsynlegt er að skrá ofnæmi sem vitað er um.
- Er barnið, fatlað eða með greindan sjúkdóm? Mikilvægt er að skrá tegund fötlunar, heiti sjúkdóms og nafn læknis sem annast barnið.
- Tekur barnið lyf að staðaldri? Mikilvægt er að skrá heiti lyfs, magn og tímasetningu inntöku.
- Skrá ber nöfn foreldra, heimilisfang, heimasíma farsíma, vinnusíma og vinnustað. Nauðsynlegt er að skrá heiti vinnustað og heimilisfang og deild ef um stóran stað er að ræða.
- Skrá þarf nafn á þeim sem hafa á samband við ef ekki næst í foreldra, heimilisfang símanúmer, vinnusíma og vinnustað.
- Taka þarf fram ef foreldrar eiga erfitt með að skilja eða tala íslensku og tilgreina móðurmál þeirra.

Sjúkarkassi

Í sjúkrakassa á að vera sá búnaður sem talinn er upp í lista yfir innihald sjúkrakassa hér að neðan. Ef fleira er í kassanum getur það tafið starfsfólk við að finna það sem leitað er að. Allir starfsmenn skólans verða að kunna að nota þann búnað fumlaust sem í sjúkrakassanum er. Mikilvægt er að sjúkrakassi sé ávallt aðgengilegur, innan seilingar og að allir starfsmenn viti um staðsetningu hans.

Listi yfir innihald sjúkrakassa

- 1 rúlla plástur (bréflástur, heftiplástur).
- 1 lítil skæri (stálskæri).
- 1 góð flísatöng (rifflluð).
- 1 stk. 10 cm krepbindi (teygjubindi) eða næsta stærð við.
- 1 stk. 7,5 cm krepbindi (teygjubindi) eða næsta stærð við.

- 1 stk. 5 cm krepbindi (teygjubindi) eða næsta stærð við. • 1 pk. skyndiplástur 4 cm (tauplástur).
- 1 pk. skyndiplástur 6 cm (tauplástur).
- 1 fetill (príhyrningur).
- 5 stk. 10-30 ml saltvatn 0,9%.
- 5 bómullarpinnar í lokuðu plasti (plastfilmu).
- 1 pk. 10x10 cm vasilíngrisja.
- 1 pk. 5x5 cm vasilíngrisja.
- 1 stk. sprauta 15 ml.
- 1 pk. 10x10 cm grisjur (5 stk.).
- 2 pk. 10x10 cm grisjur (1 stk.).
- 1 pk. 5x5 cm grisjur (5 stk.).
- 2 pk. 5x5 cm grisjur (1 stk.).
- 1 par af einnota latexfríum hönskum.
- 1 stk. einnota blástursgríma (vörn gegn smiti).

Öryggisatriði í upphafi skólagöngu í nýjum skóla

Góð samskipti foreldra og skóla eru grundvallaratriði þegar tryggja þarf öryggi barna. Þar sem foreldrar og skólinn bera sameiginlega ábyrgð á öryggi barnsins á leið í og úr skóla er mikilvægt að kynna fyrir foreldrum hvaða öryggisreglur gilda í skólanum og hvernig heimilið og skólinn geta hjálpast að við að framfylgja þeim til að tryggja börnum hámarksöryggi. Upplýsingar um öryggismál og viðbragðsáætlanir má finna á heimasíðu skólans og í skólanámskrá.

Eftirfarandi atriði er mikilvægt að kynna fyrir foreldrum:

- Reglur skólans.
- Aðferðir skólans við að tryggja jákvæðan skólabrag og öryggi nemenda.
- Viðbrögð í skóla ef barn hlýtur minniháttar meiðsli og hvað talin eru minniháttar meiðsli.
- Viðbrögð í skóla ef barn verður fyrir ofbeldi af einhverju tagi innan eða utan skóla eða hlýtur alvarleg meiðsli á skólatíma.
- Upplýsingar um nemanda vegna slysa og bráðaveikinda.
- Tryggingar skólans ef barnið slasast – hver ber kostnað.
- Þeir ferlar sem unnið er eftir þegar slys verður.
- Þeir ferlar sem unnið er eftir í kjölfar slyss.
- Fyrirkomulag öryggismála í skólanum og í öllu starfi hans.
- Örugg aðkoma gangandi og hjólandi barna að skóla.

- Öryggi í akstri skólabíla.
- Öruggr aðkoma foreldra sem aka börnum í skóla.
- Öryggi í ferðalögum skólabarna.
- Vinnureglur skólans varðandi ofbeldi og einelti.
- Viðbrögð við náttúruvá – almannavarnir.
- Starf skólahjúkrunarfræðings – skólaheilsugæslu.

Í upphafi hvers skólaárs er mikilvægt að minna foreldra á ákveðin öryggisatriði svo sem öryggi barna á leið í og úr skóla hvort sem þau ganga, hjóla eða eru keyrð í skólann í einkabíl eða í skólabíl

Viðmið um heilsutengdar forvarnir og fræðslu í skólum

Grunnskóli Grundarfjarðar er heilsueflandi skóli og vinnur markvisst að forvörnum. Þess er gætt að forvarnir og heilsuefling í skólum sé heildstæð og unnin í samstarfi við nemendur, foreldra og nærsamfélag.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal starfsfólk skóla vera meðvitað um hvað felst í heilsutengdum forvörnum og geta nýtt sér áreiðanlegar upplýsingar um þætti sem hafa áhrif á líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði nemenda.

Heilsueflingar- og forvarnastarf er byggt á aðferðum, sem búið er að sýna fram á með vísindalegum rannsóknum að beri árangur. Forsenda árangursríkra forvarna er sýnileg stefna skóla, uppbyggilegt umhverfi og fagmenntað starfsfólk.

Við skipulag heilsutengdra forvarnakynninga og fræðslu er þess gætt að:

- Fræðslan byggi á fræðilegum grunni og sé löguð að aldri nemenda.
- Áhersla sé lögð á fjölbreyttar aðgerðir sem fela í sér umræður um ákvarðanatöku og þjálfun í samskiptahæfni. Markmiðið er að styrkja félagslega hæfni barna og ungmenna, sjálfsmynd þeirra og getu til að forðast áhættuhegðun, t.d. að afþakka tóbak og vímuefni þegar þau eru í boði og taka ábyrga afstöðu gagnvart allri mismunun, einelti og öðru ofbeldi.
- Styrkja tengsl nemenda við skólasamfélagið og byggja upp þrautseigju þeirra.
- Byggja upp fagmennsku og þjálfun þeirra sem sinna fræðslunni.

4. Öryggi í námsumhverfi (inni og úti)

Húsnæði og skólalóð skal uppfylla kröfur laga um grunnskóla, nr. 91/2008, <http://www.althingi.is/lagas/140a/2008091.html> reglugerðar um gerð og búnað

grunnskólahúsnæðis og skólalóða, nr.

657/2009 <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/657-2009>, aðalnámskrár grunnskóla <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>, laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html> reglugerðar um öryggi leikvallartækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002 <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/942-2002> ásamt reglugerð um vélar og tæknilegan búnað, nr. 1005/2009 <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1005-2009> og Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins um skóla þar sem við á <http://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat/vinnuumhverfisvisar/>.

Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé búið öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Vinnumálastofnun og öryggisnefnd Grunnskóla Grundarfjarðar sinna reglubundnu eftirliti bæði innan dyra og á skólalóð samkvæmt ákv. gátlistum ásamt því fylgja eftir úrbótum. Fulltrúar frá slökkviliði Grundarfjarðarbæjar og Grunnskóla Grundarfjarðar taka út brunavarnir og sjá um að úrbætur séu gerðar sé þess þörf. Umsjónarmaður fasteigna og starfsmenn Grundarfjarðarbæjar sjá um hálkuvarnir.

Mikilvægt er að allt starfsfólk skólans sé meðvitað um þá hættu í nánasta umhverfi sem nemendum getur stafað af svo sem af tækjum og tólum og sjái fyrir þær hættur sem hugsanlega geta komið upp. Ganga þarf úr skugga um að ekki leynist hættur í umhverfi nemenda sem valdið geta slysum og því er mikilvægt að allt umhverfi sé eins öruggt og hægt er. Æskilegt er að reynt sé að koma í veg fyrir eins mikið og hægt er og gera áhættumat.

Starfsmenn

Meta þarf hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar bæði í skólahúsnæðinu og á skólalóð. Ef starfsfólk þarf að bregða sér frá er mikilvægt að annað starfsfólk sé látið vita. Það hefur komið fyrir að slys eða ofbeldisatvik hafi orðið

Í og við skóla og enginn starfsmaður verði á svæðinu. Þessu hefði mögulega verið hægt að afstýra hefði starfsmaður verði til staðar

Skólastofur

Við skipulag og framkvæmd vinnuumhverfis og vinnuaðstæðna í skólastofum skal taka mið af Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins ásamt öðrum þeim vinnuumhverfisvísimum, lögum og reglugerðum sem þar er getið. Í verkmenntastofum skal sérstaklega hugað að öryggiskröfum um vélar, tæknilegan búnað, efnisnotkun, loftgæði og loftræstingu og aðgengi að fyrstu hjálp og taka mið af reglugerð um vélar og tæknilegan búnað, nr. 1005/2009.

Hljóðvist

Hávaði hefur ekki einungis áhrif á heyrn og nám. Þekkt er að hávaði veldur streitu og getur haft aðrar neikvæðar afleiðingar á andlega og líkamlega líðan barna. Til að meta áhrif hávaða á nám og líðan nemenda í skólum er mikilvægt að við reglulegar kannanir sé spurt sérstaklega út í hljóðvist og vinnuaðstæður barna. Mikilvægt er að mælingar séu miðaðar við börn og unglunga og taki sérstakt tillit til heyrnar- og hljóðnæmni þeirra sem og þeirrar starfsemi sem fram fer í skólanum. Mikilvægt er að miðað sé við þau skilyrði sem þarf til þess að börn geti tileinkað sér nám. Ekki er nóg að miða við þau mörk hávaða sem beinlínis skemma heyrn. Mikilvægt er að allur búnaður sé keyptur með góða hljóðvist í huga. Á vef Umhverfisstofnunar eru leiðbeiningar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna þar sem meðal annars má finna góð ráð gegn hávaða í umhverfi barna. Taka skal mið af viðmiðum í Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlits ríkisins varðandi hávaða. Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands hafa gefið út handbókina Kennsluumhverfið - hlúum að rödd og hlustun sem 24 nýta má við skipulagningu skólastarfs og umhverfis. Einnig er þar að finna lista yfir hagnýt ráð sem eru til þess fallin að draga úr hávaða, en ýmislegt er hægt að gera til að draga úr hávaða með litlum tilkostnaði.

Rödd og raddvernd

Kennarar þurfa að kunna á atvinnutæki sitt, röddina, og vita hvað getur skaðað það. Rödd kennarans þarf að vera áheyrileg og geta gegnt ætlunarverki sínu, nemandinn þarf að hafa gagn af hlustun og umhverfið má ekki spilla þar fyrir. Reyndin er hins vegar sú að alltof oft vinna þessir þrír þættir – rödd, hlustun og umhverfi – illa saman. Það er mikilvægt að starfsmenn fái fræðslu um raddbeitingu, hvað geti skaðað röddina og leiðir til að koma í veg fyrir raddvandamál. Ættu skólar að huga að þeim þætti reglulega í starfsþróun sinni. Til þess mætti t.d. nota fræðslumyndband um

raddvernd og ráð til að draga úr raddþreytu og bækling um raddheilsu kennara.
<http://www.vinnueftirlit.is/media/leidbeiningar-um-vinnuvernd/raddheilsa.pdf>

Matmálstímar

Á matmálstíma, þegar heitur matur er á borðum, er mikilvægt að hugað sé að öryggi nemenda. Ef boðið er upp á heitar súpur eða annan heitan vökva fyrir börn þarf að gæta þess að ekki hellist yfir þau eða þau brenni sig á annan hátt. Mikilvægt er að setja reglur um öryggi í matmálstímum til að koma í veg fyrir brunaslys. Mikilvægt er að hafa eftirlit með nemendum þegar þeir nota samlokugrill og örbylgjuofna þannig að nemendur eigi ekki á hættu að hella yfir sig heitum mat. Margir skólar nota samfest borð og bekkir á hjólum fyrir nemendur í matsal. Ef borð eða bekkir eru lagðir saman og þeim staflað upp þegar þeir eru ekki í notkun, er mikilvægt að gengið sé frá þeim þannig að þeir séu festir við vegg eða gengið frá þeim á annan tryggan hátt til að koma í veg fyrir slys.

Húsgögn

Bókaskápar og hillur á að festa við vegg óháð hæð. Ganga þarf frá öryggi þeirra á viðeigandi hátt t.d. með því að setja festingar á skápana sem auðvelt er að losa. Sé um varanlega staðsetningu slíkra innanstokksmuna að ræða á að koma fyrir festingu á veggjum. Slíkur frágangur er mikilvægur í tilvikum jarðskjálfta og ekki síst ef barn klifrar upp á skáp. Æskilegt er að velja skilrúm sem eru stöðug eða festa þau við vegg eða gólf. Öll húsgögn á hjólum geta verið varasöm en þau eru valtari en hefðbundin húsgögn þrátt fyrir þyngd þeirra. Húsgögn á hjólum eiga einnig að vera föst við vegg eða gólf með festingum sem auðvelt er að losa og festa aftur. Ef notuð eru hljómtæki eða sjónvarpstæki á vögnum á að festa tækin niður á vagninn. Stólar og borð eiga að vera stöðug. Ef þau eru völt eða hlutar þeirra farnir að losna er mikilvægt að strax sé gert við þau til að koma í veg fyrir slys.

Hurðir, hurðapumpur og klemmuvarnir

Slyshætta getur fylgt útidyrhurðum í skólum. Ganga þarf úr skugga um að hurðapumpa sé á útidyrhurð og að eftirlit sé með því að pumpan virki eins og til er ætlast. Klemmuvarnir eiga að vera á öllum hurðum þar sem börn á yngsta stigi dvelja og þær þarf að yfirfara reglulega. Endingartími klemmuvarna er oft skemmri á útidyrhurðum vegna veðurfarsáhrifa á efnið í þeim. Mikilvægt er að hurðastopparar séu settir upp fyrir ofan hurð. Varast ber að hafa hurðastoppara við gólf. 25 Til að

koma í veg fyrir slys er mikilvægt að hafa stoppara á rennihurðum sem hindrar að þær skelli upp að vegg.

Opnanleg fög

Mikilvægt er að opnanleg fög séu með öryggislæsingu. Öryggislæsinguna þarf að stilla með þeim hætti að gluggaopið verði ekki meira en 9 cm. Í sumum byggingum eru gluggar notaðir sem neyðarútgangar. Opnanlegu fögin á þeim eru stór og verða að hafa læsingu sem auðvelt er að opna ef koma þarf fólki út úr brennandi húsi en vera þó þannig úr garði gerð að yngri börn geti ekki opnað hana. Í byggingum með gluggum sem ná niður á gólf og þar sem aðgengi barna að þeim er auðvelt skal setja öryggisgler.

Gluggakistur

Ganga þarf frá gluggakistum þannig að börn geti ekki fest fætur í þeim. Í mörgum eldri húsum eru gluggakistur mjög djúpar og oft er haft bil frá vegg að gluggakistu til að hiti komist upp. Bilið má ekki vera meira en sem nemur 25 mm.

Gardínubönd

Gardínubönd geta vafist um háls barna. Gardínum með snúru eða perlukeðju, t.d. rúllugardínur og rimlagardínur, sem notuð eru til að draga þær upp eða niður skal ganga þannig frá að snúran skapi ekki hættu fyrir börn. Það má til dæmis gera með því að ganga frá snúrum upp á snúrustytti sem festa þarf ofarlega í gluggakarminn. Perlukeðjur er einnig hægt að setja upp á öryggishjól sem fest er á gluggakarminn að innanverðu.

Miðstöðvarofnar, rafmagnsofnar, blöndunartæki og heitt vatn

Heitir miðstöðvarofnar og heitt vatn geta valdið alvarlegum brunaslysum. Mikilvægt er að byggja utan um ofna eða haga frágangi á þann hátt að ekki hljótist slys af. Lagnir sem eru utanáliggjandi og flytja heitt vatn þarf að hylja þannig að börn geti ekki brennt sig á þeim. Rafmagnsofnar eru hættulegri en hefðbundnir miðstöðvarofnar. Af þeim getur stafað eldhætta og því skal fylgja leiðbeiningum framleiðenda ef það þarf að hylja ofnana. Einnig þarf að gæta þess að staðsetja ekki húsgögn eða annan búnað of nálægt þeim.

Hitastýrð blöndunartæki, með heitu vatni sem að hámarki verður 38°C, eiga að vera á öllum handlaugum í skólum og í sturtum/handsturtum til að koma í veg fyrir að börn brenni sig á heitu vatni.

Stigar og tröppur

Bil á milli rimla má ekki vera meira en 89 mm. Það sama gildir um bil á milli gólfa og handriða. Opið í opnum þrepum má ekki vera meira en 89 mm. Gæta þarf að því að þrep séu ekki hál. Gæta þarf vel að því að ekki sé notað efni á gólf sem veldur hálfu. Handrið eiga að vera fyrir börn jafnt sem fullorðna. Lágmarkshæð handriða er 120 cm. Handrið eiga að vera með lóðréttum pílum til að hindra klifur.

Salerni

Við hönnun og frágang salerna skal taka mið af byggingarreglugerð, nr.112/2012 og reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002.

Eldhús

Í skólaeldhúsum er mikið af hættulegum hlutum, s.s. ýmis tæki til matreiðslu og beittir hnífar, því þarf að vera hægt að loka eldhúsinu. Í skólum, þar sem opið er inn í eldhús eða nemendur eiga þangað erindi sem hluta af sínu námi, á að ganga þannig frá tækjum og tólum að þeir geti ekki skaðast af þeim.

Eiturefni og eitraðar plöntur

Öll eiturefni og önnur hættuleg efni skulu geymd í læstri geymslu og gengið þannig frá þeim að nemendur hafi ekki aðgang að þeim nema undir eftirliti kennara. Mikilvægt er að starfsfólk þekki aðvaranir á umbúðum. Lista yfir merkingar eiturefna er að finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Ef plöntur eru í skólanum ber að ganga úr skugga um að þær séu ekki eitraðar. Hér má finna lista yfir eitraðar plöntur.

Rafmangsöryggi

Samkvæmt byggingarreglugerð, nr. 112/2012 skulu vera lekastraumsrofar (lekaliðar) í öllum byggingum. Lekastraumsrofi er öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir rafmagnslys. Rík krafa er gerð til rafmagnstækja og öryggis þeirra. Ef tækin brotna eða rafmagnssnúrur þeirra trosna er mikilvægt að slíkt sé lagað. Flestar innstungur eru með öryggislæsingum sem kemur í veg fyrir að börn geti stungið hlutum inn í þær og þannig fengið rafstraum. Ef innstungur brotna eða losna frá vegg er nauðsynlegt að gera við þær strax. Fjöltengi geta verið varasöm. Það má ekki nota brotin fjöltengi eða fjöltengi þar sem rafmagnssnúran eða klóin er farin að skemmast.

Kerti og eldfim efni

Fara skal þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að engin hætta sé á því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist. Æskilegt er að banna

alla notkun kerta í skólum. Í allri umgengni við opinn eld skal sýna aðgát og ekki skal skilja logandi kerti eftir eftirlitslaus meðan starfsmaður víkur frá. Kveikjarar og eldspýtur skulu geymdar í læstum hirslum.

Námsgögn og leikföng

Við val á námsgögnum og leikföngum er haft í huga að þau hæfi aldri og þroska þeirra barna sem þau eru ætluð. Leikföng og leiktæki eiga að uppfylla kröfur [reglugerðar um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 944/2014](#) og vera CE merkt.

Starfsfólk skóla skal framkvæma reglubundið eftirlit með námsgögnum og leikföngum samkvæmt gátlista.

Íþróttahús

Skólastjóri og íþróttakennarar skulu gæta fyllsta öryggis nemenda á þeirra vegum. Skólastjóri skal fara yfir öryggismál í íþróttakennslu með íþróttakennurum skólans og skulu þeir vinna samkvæmt öryggishandbók þessari ásamt [reglum um öryggi í íþróttahúsum](#).

Ábyrgð íþróttakennara

Íþróttakennari skal ganga frá öllum búnaði á öruggan hátt og yfirfara salinn áður en kennsla hefst og fjarlægja hluti sem mögulega geta valdið slysum. Gæta skal sérstaklega að því að gengið sé frá öllum mörkum þannig að þau geti ekki dottið yfir börn.

Ef íþróttakennari biður nemendur að aðstoða sig við að ná í búnað eða ganga frá honum er mikilvægt að hann tryggi að örugglega hafi verið gengið rétt frá áður en börnin fara í búnaðargeymslu.

Æskilegt er að íþróttakennari ráðleggi nemendum og foreldrum um réttan fatnað og skó sem hæfa íþróttakennslunni.

Sund

Í sundkennslu er farið eftir reglugerð frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um [hollustuhætti á sund- og baðstöðum, nr. 814/2010](#) og [Öryggishandbók fyrir sund og baðstaði](#).

Sundkennarar skulu ávallt gæta þess í samvinnu við starfsfólk sund- og baðstaða að nemendur fari ekki að laug á undan þeim. Sundkennarar eiga aldrei að víkja frá laug

fyrir en allir nemendur eru farnir inn í búnings- eða baðklefa. Þau varúðaratriði sem laugarverðir eiga að fylgja gilda einnig fyrir kennara.

Í 15. grein reglugerðarinnar stendur: „Starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennarar og sundþjálfarar skulu hafa náð 18 ára aldri og standast hæfnispróf árlega samkvæmt III. viðauka. Prófskírteini skulu vera starfsmönnum heilbrigðiseftirlits aðgengileg.“ Nánari [upplýsingar um hæfnispróf starfsmanna](#) er að finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Ábyrgð skólastjóra og sundkennara

Skólastjóri ber ásamt sundkennara ábyrgð á að [reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, nr. 814/2000](#) og [Öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði](#) sé framfylgt. Það skal tekið fram að þó að reglugerðin geri miklar kröfur til rekstraraðila ber sundkennarinn fyrst og fremst ábyrgð á öryggi nemenda. Sundkennari má því aldrei víkja frá nemendum meðan á kennslu stendur.

Í öllum sundlaugum þar sem skólasund fer fram skal vera virkt samstarf sundkennara og öryggisgæslu sundlaugar um öll öryggisatriði er snúa að skólasundi.

Námsumhverfi úti

Um öryggi á skólalóðum gildir [reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002](#). Reglugerðin tekur á öllum þáttum er lúta að öryggi barna.

Ekki má staðsetja leiksvæði þar sem ætla má að börnum geti stafað hættu eða ónæði af umhverfinu svo sem frá umferð, vegna fallhættu eða hættu á drukknun. Aðkoma að svæðinu fyrir gangandi, hjólandi og eftir atvikum akandi vegfarendur skal vera þannig að ekki skapist óþarfa hættu á og við leiksvæðið.

Hafa skal í huga:

- Að börn geti ekki hlaupið beint út af leiksvæði þar sem umferð er.
- Að tryggja þarf góða lýsingu á leiksvæðum.
- Haga skal frágangi á grindverki á lóð skólans þannig að börnum stafi ekki hættu af.
- Við framkvæmdir og viðhald leiksvæða skal taka tillit til eðlis starfseminnar. Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð á leiksvæðum utan þess sem nauðsyn krefur svo sem vegna viðhalds eða endurnýjunar tækja og búnaðar.

Á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#) er öryggisvísir leiksvæða sem gagnlegt er fyrir skólastjóra og rekstraraðila að kynna sér.

Starfsmenn

Meta þarf hverju sinni hversu margir starfsmenn þurfa að vera til staðar í frímínútum og ferðum á vegum skólans. Ef starfsfólk á útivakt í frímínútum þarf að bregða sér frá er mikilvægt að annað starfsfólk sé látið vita.

Lýsing

Í kringum skóla og á öllum leiðum að skóla, hvort heldur er frá bílastæði, gönguleið eða hjólastígum, þarf lýsing að vera jöfn, heildstæð og kröftug en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum. Æskilegt er að birta á umferðarleiðum milli bygginga og lóða vera nægjanleg til að allir aldurshópar geti athafnað sig óhindrað og af fullu öryggi. Þar sem gert er ráð fyrir umgengni almennings ætti að taka tillit til heildaráhrifa þannig að tryggt sé að hvergi verði staðbundin, ófullnægjandi birtuskilyrði sem skapað geti slyshættu. Skipta þarf strax um perur og lagfæra ljós sem bila.

Ljósastaurar, girðingar og hlið úr járni

Ef girðingastaurar, ljósastaurar og hlið eru úr járni, t.d. galvaniseruð, þarf að mála þá upp í 1,5 m hæð því annars er hættu á að börn geti fest við þá tungu eða fingur í frosti. Gagnlegt getur verið að mála alla ljósastaura í áberandi lit til að sjónskertir sjái þá.

Ruslaskýli, tunnur og gámar

Huga ber að því að ruslaskýli, tunnur og gámar, sem eru staðsett upp við skólabyggingar, geta haft ákveðna hættu í för með sér svo sem brunahættu vegna íkveikju í rusli og fallhættu ef börn nota það sem tröppur til að komast upp á byggingar.

Hjólastandar

Mikilvægt er að við grunnskóla séu hjólastandar þannig að börn geti gengið frá hjólum sínum á öruggan hátt. Hjólastandar þurfa að vera staðsettir þar sem ekki er hættu á að fólk falli um þá, helst nokkrum metrum frá inngangi. Mikilvægt er að merkja svæðið í kringum þá þannig að sjónskertir einstaklingar sjái þá.

Umferð og bílastæði við skólalóð

Þegar barn byrjar í skóla þarf að kynna foreldrum/forráðamönnum barnsins aðkomu umferðar að skólanum. Slíkt dregur úr líkum á að hætta skapist vegna umferðar á álagstímum.

Mikilvægt er að allir sem erindi eiga í skóla komist þangað á öruggan hátt gangandi, hjólandi og/eða akandi. Þess skal gætt að umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda sé aðskilin eins og hægt er.

Æskilegt er að bílastæði við skóla sé staðsett við skólabygginguna og merkt sérstaklega fyrir starfsfólk og foreldra.

Gangbrautir skulu merktar þannig að sá sem ekur inn á bílastæðið sjái hvar þær eru.

Nauðsynlegt er að taka á hraðakstri við skóla með bættri hönnun umferðarmannvirkja og liðsinni lögreglu.

Göngu- og hjólaleiðir barna í skólann

Æskilegt er að sem flest börn gangi eða hjóli í skólann en þannig skapast minni hætta af umferð ökutækja við skólann. Mikilvægt er að kynna árlega öruggar göngu- og hjólaleiðir og ábyrgð foreldra á öryggi barna á leið í og úr skóla. Ávallt skal gæta öryggissjónarmiða í þessum efnum. Æskilegt er að skólinn hafi frumkvæði að því að hvetja börn til að nota hjálm við hjólreiðar. Á [vef Samgöngustofu](#) eru upplýsingar um öryggisbúnað vegna hjólreiða. Í handbókinni eru [nokkur góð ráð um gönguleiðir barna í skólann](#).

Akstur með aðföng og önnur umferð á skólalóðinni

Þar sem ekki er sér aðkoma bíla með aðföng er mikilvægt að fara yfir hvar hentugast er að bílar komi að skólahúsnæðinu án þess að ógna öryggi barna. Kynna þarf fyrir bílstjórum eða merkja vel bestu og öruggustu leiðina fyrir þá til að koma með aðföng í skólann. Æskilegt er að aðstæður séu skipulagðar þannig að stór ökutæki þurfi ekki að bakka á skólalóð eða þar sem vænta má barna.

Göngustígar og gangstéttar

Göngustígar og gangstéttar eiga að vera með slétt yfirborð. Ef meira en 2 cm mishæð er til staðar er hætta á falli. Ef hættulegar misfellur eru komnar í gangstéttar/göngustíga er mikilvægt að það sé lagað sem fyrst.

Niðurföll á göngustígum/gangstéttum eiga að vera:

- Í sömu hæð og göngustígurinn/gangstéttin.
- Í lagi og hreinsuð reglulega til að koma í veg fyrir vatnstjón í byggingum og hálkumyndun að vetrarlagi.
- Með viðeigandi loki sem snýr rétt.

Mikilvægt er að gert sé strax við stífluð niðurföll. Ef lok vantar á niðurfall eða það snýr öfugt er mikilvægt að laga það strax.

Tröppur, rampar og handrið

Tröppur, rampar og handrið eiga að uppfylla ákvæði [byggingarreglugerðar, nr. 112/2012](#). Æskilegt er að handrið sé við allar tröppur. Ef brotnar upp úr þrepum eða þau losna þarf að gera við þau strax.

Hálka

Mikilvægt er að huga að hálkuvörnum í kringum skóla. Skýr verkaskipting þarf að vera á meðal starfsmanna sveitarfélaga hvað hálkuvarnir varðar. Áður en starfsemi hefst í skólanum þarf að vera búið að hálkuverja. Sama gildir um snjómokstur. Þar sem því verður við komið ættu gönguleiðir að skólabyggingum að vera hálkugarðar t.d. með hita undir gangstéttum/göngustígum. Ef ekki er hiti undir gangstéttum/göngustígum er mikilvægt að rekstraraðili sjái til þess að leysa þann vanda með söltun eða sandburði. Æskilegt er að rekstraraðili geri leiðbeiningar um hálkuvarnir í samvinnu við skólastjóra. Ganga þarf úr skugga um að þær séu virkar. Bílastæði geta oft verið mjög hál og því mikilvægt að þar séu gerðar sambærilegar ráðstafanir.

Leikvallatæki

Leikvallatæki þurfa að uppfylla kröfur reglugerðar [um öryggi leikvallatækja og svæða og eftirliti með þeim nr. 942/2002](#).

Í reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002](#) kemur fram að:

- Fylgja þarf leiðbeiningum framleiðenda um viðhald á leikvallatækjum.
- Rekstraraðili er ábyrgur fyrir að framkvæma reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.
- Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirliti þarf að tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið. Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.

- Ábyrgðaraðili innra eftirlits gerir rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun.

Á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#) má finna upplýsingar og handbækur um skoðanir á ástandi leiksvæða og leikvallatækja. Þar eru einnig tillögur að gátlistum fyrir reglubundið eftirlit með leikvallatækjum.

5. Eftirlit

Eftirlit með leikvallatækjum og leiksvæðum skal vera í samræmi við kröfur samkvæmt staðlaröðinni ÍST EN 1176 ásamt ÍST EN 1177 sem taldir eru upp í viðauka I með reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002](#).

[Neytendastofa](#) hefur eftirlit með því að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi.

Um málsmeðferð og réttarfarsúrræði fer eftir ákvæðum laga [um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995](#).

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laga varðandi leikvallatæki í notkun og öryggi leiksvæða. Tíðni þess eftirlits er háð mati eftirlitsaðila og við slíkt mat skal tekið tillit til umfangs og innra eftirlits þess leiksvæðis sem um ræðir.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa aðgang að öllu skráðu og skjalfestu efni er eftirlitið varðar.

Innra eftirlit

Í reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 94/2002](#) segir að:

- Í starfsleyfi skal heilbrigðisnefnd gera kröfu um innra eftirlit á leiksvæðum og með leikvallatækjum.
- Innra eftirlitið skal vera samkvæmt ákvæðum staðalsins ÍST EN 1176.
- Innra eftirlit skal framkvæma samkvæmt gátlista og í því skal vera slysaskráning. Í innra eftirlitinu skal tilgreina til hvaða úrbóta skal grípa þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðarinnar og hvenær úrbótum var lokið.
- Mælt er með að innra eftirlit sé hluti af gæðahandbók.

- Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun, sbr. ákvæði í viðauka III í reglugerðinni.
- Aðalskoðun skal framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda leikvallatækja.

Rekstraraðili ber ábyrgð á innra eftirliti. Með hverjum eftirlitsþætti innra eftirlits ætti að vera ábyrgðaraðili sem gerir rekstraraðila viðvart um það sem aflaga fer og bendir á nauðsynlegar úrbætur. Rekstraraðili gerir nauðsynlegar úrbætur eða tekur leikvallatæki úr notkun.

Eftirlit starfsmanna

Í reglugerð [um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 94/2002](#) segir að reglubundna yfirlitsskoðun geti þurft að framkvæma daglega í skólum allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax þær hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður.

Markmiðið með skoðuninni er fyrst og fremst að tryggja öryggi barna á lóðinni. Mikilvægt er að framkvæma skoðun á lóð daglega áður en nemendur fara út í frímínútur.

Eftirfarandi atriði þyrfti að skoða:

- **Hálka:** Kanna þarf hvort mikil hálka er á lóð og göngustígum innan lóðar. Ef svo er skal gera viðeigandi ráðstafanir, s.s. að salta þá fleti sem eru hálir. Mikilvægt er að kanna hálku á yfirborði leiktækja. Sé ísing úti er ekki ólíklegt að þau séu hál. Meta þarf hvort hindra þurfi aðgang barna að hálum leiktækjum því þau geta verið hættuleg og skapað fallhættu. Ef starfsfólk kemur því ekki við að hálkuverja lóðina með góðu móti þarf að meta hvort æskilegt sé að nemendur fari út að leika sér meðan ástandið varir.
- **Lýsing:** Kanna ber hvort unnin hafa verið skemmdarverk á lýsingu lóðar eða hvort perur hafa bilað. Ef svo er þarf að tilkynna það strax til viðkomandi aðila sem sér um viðhald lóða.
- **Rusl:** Mikilvægt er að allt rusl sé fjarlæggt. Sprautur og nálar sem finnast ber að fjarlægja samkvæmt [leiðbeiningum frá Embætti landlæknis um meðferð á notuðum sprautum og nálum](#).
- **Leiktæki:** Skoða þarf leiktæki til að kanna hvort þau séu brotin eða skemmd. Ef skemmdarverk hafa verið unnin á þeim er mikilvægt að það sé tilkynnt strax

til viðeigandi aðila sem sér um viðgerð á leiktækjum. Ef ekki tekst að lagfæra tækin þarf að girða þau af þannig að börn komist ekki að þeim.

- **Undirlag:** Skoða þarf undirlag undir tækjum. Ef mól er notuð sem fallundirlag skal kanna hvort borist hafi grjót, timbur eða annað í mölinni og fjarlægja það strax, sé þess þörf, annars virkar öryggisundirlagið ekki ef barn fellur úr tækinu. Þar sem mól er notuð sem öryggisundirlag myndast oft hola t.d. undir rólum. Til að öryggisundirlagið virki þarf að raka mölina reglulega.
- **Gangstéttar:** Sópa þarf gangstéttar. Laus mól sem berst upp á gangstéttar er hættuleg og getur valdið slysi hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki.
- **Vatnssöfnun:** Kanna þarf hvort vatn hafi safnast fyrir á lóðinni. Ef rekja má vatnssöfnun til stíflaðs niðurfalls skal tilkynna það til þeirra sem sjá um viðhald á lóðinni.

6. Öryggi í skólaferðalögum

Grunnskóli Grundarfjarðar hefur mótað sér skýrt verklag um undirbúning og framkvæmd ferða utan skólans. Tryggja þarf öryggi nemenda í ferðum þar sem meðal annars er hugað að fjölda barna og starfsmanna. Vinna þarf að skipulagningu ferða í góðu samstarfi við foreldra þannig að þeir viti t.d. hvert förinni er heitið, dagskrá og tilgang ferðarinnar og hvaða búnað börnin þurfa að hafa meðferðis. Foreldrar bera ábyrgð á að börnin séu klædd eftir veðri og aðstæðum. Gott verklag er að óska samþykkis foreldra fyrir þátttöku barna í ferðum á vegum skólans. Starfsmaður ætti aldrei að vera einn með börn í slíkum ferðum.

Þegar ferðir eru skipulagðar þarf að gæta þess að ekki sé farið með börn á staði sem þau ráða illa við sökum aldurs eða þroska svo sem fjallgöngur eða á svæði sem þau eiga mjög erfitt með að fara um eða hættur gætu leynst á. Mikilvægt er að tryggja að börn verði aldrei viðskila við starfsfólk skóla í ferðum. Æskilegt er að starfsmenn hafi gsm síma með í ferðalögum á vegum skóla.

Strætisvagnar og rútuferðir

Kaflinn um „Öryggi í skólaferðalögum“ gildir um strætisvagna- og rútuferðir. Tryggja þarf að í bifreiðinni sé viðeigandi öryggisbúnaður. Mikilvægt er að tryggt sé eitt sæti fyrir hvert barn þannig að öll börn geti notað viðeigandi öryggisbúnað eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Í [reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum, nr. 348/2007](#) er að finna allar upplýsingar um hvernig tryggja skuli börnum öryggi í ökutækjum.

Ef um skólaakstur er að ræða gilda sömu reglur. Einnig gilda [reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009](#).

Bátsferðir

Kaflinn um „[Öryggi í skólaferðalögum](#)“ gildir einnig í bátsferðum.

Skipuleggja þarf bátsferðir tímanlega og kanna hvort viðkomandi bátur hafi leyfi til fólksflutnin en slíkir bátar og skip þurfa að hafa viðeigandi öryggisbúnað og skráðan hámarksfjölda farþega. Afla þarf samþykkis foreldra fyrir slíkum ferðum.

Þegar farið er um borð eða frá borði er æskilegt að fylgja [tillögum um verklag við strætisvagnaferðir](#). Við komu um borð í skipið eða bátinn skal sá sem er ábyrgðarmaður í ferðinni kynna sér hvar björgunarbúnað er að finna og kanna rýmingaráætlun.

Akstur með börn í bílum starfsmanna

Sveitarfélög ættu að setja sér reglur um hvort starfsmönnum sé heimilt að aka barni í eigin bíl þegar minniháttar slys verða og barn þarfnast aðhlyningar en ekki næst í foreldra/forráðamenn. Ef slíkt er heimilað þarf að gæta þess að barnið noti viðeigandi öryggisbúnað samkvæmt [reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum, nr. 348/2007](#).

Starfsmaður skóla ætti aldrei að vera einn þegar hann ekur barni til aðhlyningar heldur ætti annar starfsmaður að vera með í för til að sinna barninu þannig að ökumaður geti einbeitt sér að akstrinum. Þó má meta þetta eftir alvarleika.

7. Slys

Í [lögum um landlækni nr. 41/2007](#) segir að hann skuli, í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, sjúkdóma, slys, o.fl

Að hefja skyndihjálp og sinna barni þar til sjúkrabíll kemur

Starfsfólk skóla, aðrir en skólahjúkrunarfræðingar, hefur ekki heimild til að meðhöndla áverka, slíkt er í höndum lækna og hjúkrunarfræðinga og þeirra sem öðlast hafa til þess sérstakt leyfi, sjá þó kafla 8.4. Hlutverk starfsfólks skóla, þegar slys ber að höndum, er að greina, koma í veg fyrir frekari slys þar til sjúkrabíll kemur en það er skilgreint sem skyndihjálp. Á vefsíðunni skyndihjalp.is sem er á vegum Rauða kross Íslands má finna stuttar og hagnýtar leiðbeiningar fyrir almenning um hvernig bregðast megi við ýmsum slysum og veikindum. Leiðbeiningarnar henta vel þegar rifja skal upp aðferðir skyndihjálpar, t.d. þegar komið er að umferðarslysi, einstaklingi sem hlotið hefur áverka á höfði, beinbrot eða hjartaáfall.

Hafa ber í huga að:

- Skyndihjálp er veitt út frá mati á ástandi barnsins og því haldið áfram þangað til sjúkrabíll er kominn.
- Í þeim tilfellum þar sem viðkomandi ræður ekki einn við að veita skyndihjálp óskar hann eftir aðstoð nærstaddra.
- Þegar enginn er til aðstoðar, verður viðkomandi að reyna sitt besta og bíða rólegur þangað til sjúkrabíll kemur.

Að koma ró á svæðið - Hinn slasaði gengur alltaf fyrir

Þegar alvarlegt slys verður í skóla eða í ferðum á vegum hans er ekki óeðlilegt að það myndist ringulreið meðal starfsfólks og barna. Til að draga úr líkum á að slíkt ástand skapist er mikilvægt að skólar hafi virka viðbragðsáætlun og æfi hana reglulega.

Fyrstur á slyssað

Mikilvægt er að sá sem kemur fyrstur á slyssað taki yfir stjórnina, hafi hann til þess bæra þekkingu. Auk þess þarf hann að:

- Meta ástand þess slasaða út frá sinni kunnáttu í skyndihjálp.
- Afla upplýsinga frá hinum slasaða eða vitnum.
- Meta hvort hringja á í **Neyðarlínu 112**.
- Veita skyndihjálp.
- Meta hvort þörf sé á aðstoð annarra starfsmanna.

Fjögur skref skyndihjálpar

- Tryggja öryggi og koma þannig í veg fyrir frekari slys.
- Meta ástand hins slasaða til að greina hvort um lífshættulegt ástand er að ræða eða ekki. Aðstæður á vettvangi og umkvartanir slasaðra gefa strax góða mynd af ástandinu.
- Kalla til hjálp, hringja í Neyðarlínuna 112.
- Veita viðeigandi skyndihjálp á rólegan og yfirvegaðan hátt.

Greiningarstig áverka

Lægsta stig: Minniháttar skrámur og skurðir sem ekki þarfnast meðferðar á heilsugæslustöð eða á slysadeild. Sár sem starfsmaður má meðhöndla og setja á einfaldar umbúðir. *Dæmi: grunnt klór, kæling á kúlu, skolun á sandi úr auga.*

Miðstig: Áverki sem starfsmaður metur að þarfnist meðferðar á heilsugæslustöð eða slysadeild. Áverkinn er þess eðlis að foreldrar/forráðamenn geta farið með barnið á heilsugæslustöð, til tannlæknis eða á slysadeild. *Dæmi: handleggsbrot, skurðir sem þarf að sauma, tannáverkar, heilahristingur.* Þó þessir áverkar þarfnist ekki **sjúkrabíls 112 í fyrstu** geta þeir breyst í **alvarlegt stig** ef ástand barns versnar skyndilega. Það þarf starfsmaður að geta metið strax og hringt í **Neyðarlínuna 112**.

Alvarlegt stig: Áverkar sem falla undir þetta eru t.d. stórir brunar, meðvitundarleysi vegna höfuðáverka eða annarra hluta, fótbrott/lærbrot, aðskotahlutur í öndunarvegi, hjarta og öndunarstopp. Mikilvægt er að starfsmenn bregðist fumlaut við og meti alvarleika ástandsins **strax**, virki **viðbragðsáætlun**, hefji viðeigandi skyndihjálparmeðferð og hringi strax í **Neyðarlínuna 112**.

Hringt á sjúkrabíl og sjúkrakassi sóttur

- Ef hringja þarf á sjúkrabíl er best að fá einhvern nærstaddan til þess svo ekki þurfi að yfirgefa barnið, það veitir því öryggi.
- Í þeim tilfellum þar sem ástandið er lífshættulegt (hjarta- og öndunarstopp, meðvitundarleysi eða köfnun) og enginn nærstaddur verður starfsmaður sjálfur að hringja í Neyðarlínuna 112.
- Mikilvægt er að sá sem hringir geti gefið allar upplýsingar, H-in 3 (Hvar? Hver? Hvað?).

- Ef nauðsynlegt er að nota gögn úr sjúkrakassa má biðja þann sem fór í símann að taka hann með á bakleiðinni. Ef það þolir ekki bið er mikilvægt að annar nærstaddur sé sendur að ná í sjúkrakassann.

Hvernig á að hringja í Neyðarlínua - 112

Það er grundvallaratriði að allir starfsmenn skólans kunni að hringja í Neyðarlínuna. Hér á landi er eitt neyðarnúmer fyrir sjúkrabíl, lögreglu og slökkvilið. Neyðarnúmerið er **112, EINN EINN TVEIR**.

Athugið að ef hringt er úr borðsíma birtist strax á skjá neyðarlínunnar hvaðan hringt er, þ.e.a.s. nafn skólans, heiti götu, hús- og póstnúmer hans. Ef hringt er úr farsíma kemur staðsetning símans *ekki* upp á skjá Neyðarlínunnar.

Mikilvægt er að sá sem hringir í **112** gefi þeim sem svarar yfirlit yfir ástandið á fyrstu 30 sekúndum samtalsins en það eru **H-in þrjú**:

- **H - HVAR** VARÐ SLYSIÐ? NAFN SKÓLANS, HEIMILISFANG OG NÁKVÆMARI STAÐSETNING Á BARNI (mikilvægt er að taka fram ef barnið er úti á lóð og þá hvar, sérstaklega þar sem lóðir eru stórar).
- **H - HVER** ER ÞAÐ SEM HRINGIR? Kynna sig með fullu nafni og taka strax fram að verið sé að hringja úr skóla.
- **H-HVAÐ** KOM FYRIR? ALDUR OG KYN, HVER ER LÍÐAN VIÐKOMANDI (dæmi: Hinn slasaði heitir Jón Jónsson og er 10 ára, hann féll úr rólu og er mögulega fótbrottinn).

Viðbrögð gagnvart vitnum og öðrum börnum á slysstað

Mikilvægt er að færa áhorfendur (börn) af svæðinu sem fyrst þannig að þeir þurfi ekki að horfa upp á hinn slasaða.

Starfsfólk kannar hvaða börn urðu vitni að slysinu. Það þarf að tala sérstaklega við þau í rólegu umhverfi og útskýra fyrir þeim á einfaldan hátt eftir þroska hvað gerðist, hvert var farið með þann slasaða (ef við á) og hvernig það fór. Útskýra þarf fyrir öllum börnum skólans hvað gerðist. Mikilvægt er að öll börn fái réttar upplýsingar hjá þeim fullorðnu eins fljótt og unnt er til að draga úr mögulegri hræðslu þeirra.

- Huga þarf að líðan þeirra barna sem verða vitni að slysi eða ofbeldi. Í þeim tilfellum þar sem um lífshættulega áverka er að ræða og tvísýnt er um útkomu hjá slasaða barninu er mikilvægt að kalla til aðila sem veitt getur áfallahjálp. Þetta er sérstaklega mikilvægt í þeim tilfellum þar sem börn látast.

- Ef slasaða barnið er fjarverandi í einhvern tíma er mikilvægt að leyfa félögum þess í skólanum að fylgjast með framvindu mála. Það er einnig mikilvægt fyrir hið slasaða barn að vera í samskiptum við skólann sinn og félagi.
- Þegar kallaður hefur verið til sjúkrabíll og lögregla getur það valdið ótta hjá börnum. Ef því verður við komið er æskilegt að lögreglan komi inn í skólastofu til barnanna og ræði við þau (sérstaklega í bekk barnsins sem slasaðist).
- Mikilvægt er að láta foreldra vita áður en börnin fara heim úr skólanum að kalla hafi þurft til sjúkrabíl og skýra frá helstu staðreyndum. Þetta á sérstaklega við um foreldra í þeim bekk sem slasaða barnið tilheyrir en getur einnig átt við um aðra foreldra skólans eftir aðstæðum hverju sinni. Börn vilja gjarnan tala um það sem þau hafa upplifað og því mikilvægt að foreldrar hafi réttar upplýsingar til að geta rætt við börn sín og hjálpað þeim að jafna sig á því sem þau reyndu.

Tilkynning til foreldra um slys á barni

Mikilvægt er að skólar setji sér verklagsreglur um hvernig foreldrum er tilkynnt um slys á barni.

Slys sem ekki eru talin lífshættuleg

- Öll slys sem ekki eru talin lífshættuleg, t.d. beinbrot og skurðir, tilkynnir starfsfólk foreldrum. Æskilegt er að umsjónarkennari barnsins eða skólastjóri sjái um að hringja í foreldra.
- Mikilvægt er að sá starfsmaður sem hringir viti nákvæmlega um ástand barnsins og hver viðbrögð skólans voru, til dæmis hvort hringt hefur verið á sjúkrabíl eða leitað ráða hjá heilsugæslu.

Símtalið

- Sá sem hringir kynnir sig með nafni og segir hvaðan er hringt
- Sá sem hringir á að vera rólegur og tala skýrt.
- Segja skal í stuttu máli frá því sem kom fyrir barnið og reynt að koma því strax til skila hvað sé að. Mikilvægt er að tala varlega.
- Ef hringt hefur verið á sjúkrabíl er endað á að segja frá því og látið vita hvaða starfsmaður fór með barninu á sjúkrahús/heilsugæslu og hvert var farið.

Lífshættulegt ástand

Mikilvægt er að öll sveitarfélög setji sér verklagsreglur um tilkynningu til foreldra vegna alvarlegra og lífshættulegra slysa á börnum. [Tillaga að verklagsreglum sveitarfélaga](#) er í viðauka.

Skólastjórum ber að kynna sér þær verklagsreglur sem gilda í sveitarfélaginu.

Ef ástand barnsins er lífshættulegt (barnið er í hjarta- og öndunarstoppi eða meðvitundarlaust) þarf að vinna samkvæmt verklagsreglum í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Æskilegt er að tilkynning til foreldra komi frá áfallateymi slysadeildar eða sambærilegu teymi á hverju svæði fyrir sig.

Eftir slys

Eftir að slys hefur átt sér stað er mikilvægt að fara yfir skráningar á slysinu og öryggisatriði skólans.

Skráning slysa í skólum

Mikilvægt er að öll slys sem verða á börnum í skólum séu skráð á tiltekið [slysaskráningarblað](#). Skráning slysa er mikilvægur hluti af innra og ytra eftirliti í skólans. Skólastjóri tekur saman í lok hvers árs hvar, hvenær og hvernig slys hafa átt sér stað og skoðar t.d. hvar hættur er að finna eða hvort eftirlit starfsfólks með börnum sé fullnægjandi. Sveitarfélög ættu að taka saman yfirlit yfir slys í skólum árlega.

Hvenær á að skrá slys í skóla?

Öll slys þar sem barn hefur hlotið það mikinn áverka að það þarfnast meðferðar hjá tannlækni, slysadeild, sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða hjá sérfræðingi, ber að skrá á slysaskráningarblað.

Ekki er ástæða til að skrá alla áverka. Minniháttar áverka þar sem ekki er hætta á frekari afleiðingum ber ekki að skrá eins og kúlu á enni, skrámur, grunnt klór og skolun á sandi úr auga.

Í þeim tilfellum þar sem skólastjóri óskar eftir því að slys sé skráð skal það gert.

Að hverju þarf að gæta þegar skráð er?

Mikilvægt er að við skráningu á [slysaskráningarblaði](#) komi fram hver var endanlegur meðferðaraðili og hver áverkagreining var. Slysaskráningarblað þar sem þessar upplýsingar vantar er ekki fullgilt. Ef ekki er hægt að skrá það strax verður að bíða eftir að foreldri láti vita hver/hverjir meðferðaraðilar voru og hver endanleg sjúkdómsgreining var. Skólastjóri ber ábyrgð á verklagi um frágang þessara blaða og tryggir að þeim sé framfylgt.

Undirritun foreldra á slysaskráningarblaðið og afrit af því

Meginreglan er að foreldrar þurfa ekki að kvitta á slysaskráningarblöðin nema þar sem sveitarfélög hafa sett um það reglur að svo skuli vera. Hins vegar er nauðsynlegt að foreldri kvitti á slysaskráningarblaðið í þeim tilfellum þar sem starfsmaður skóla hefur metið áverkann á þann hátt að það þurfi að fara með barnið til læknis/hjúkrunarfræðings en foreldri ákveður að fara ekki eftir þeim tilmælum. Er þetta gert til að tryggja að ekki verði hægt að ásaka starfsmann síðar fyrir vanrækslu. Dæmi um texta sem foreldrar eru beðnir um að skrifa neðst á skráningarblaðið: „Ég undirrituð móðir/faðir barnsins (nafn barns) hef tekið þá ákvörðun að fara ekki eftir tilmælum skólans um aðhlynningu fyrir barnið hjá slysadeild eða heilsugæslu.“ Viðkomandi undirritar með dagsetningu, nafni og kennitölu.

Ekki er gert ráð fyrir því að foreldri fái sjálfkrafa afrit af slysaskráningarblaðinu nema að reglur sveitafélagsins kveði á um það. Foreldrum er heimilt að skoða blaðið og fá afrit af því.

Slysaskráningarblaðið er trúnaðarmál og má því ekki afrita né afhenda það öðrum en þeim sem hafa heimild til að skoða það s.s. heilbrigðiseftirliti sem ber að skoða þessi blöð til að kanna fjölda slysa og ástæður þeirra sem hluta af sínu ytra eftirliti. Ef aðrir en foreldrar biðja um skráningarblaðið þarf leyfi foreldra. Tilgangur beiðinnar þarf að vera skýr, s.s. ef verið er að vinna rannsóknir. Mikilvægt er að einungis þeir sem uppfylla allar kröfur um rannsóknarheimildir og meðferð persónuupplýsinga fái aðgang að slysaskráningarblöðum í rannsóknarskyni.

Hvað er gert við slysaskráningarblöðin?

Skólastjóri ber ábyrgð á að slysaskráningarblöð séu varðveitt og aðgengileg á meðan barnið dvelur þar. Við útskrift nemanda úr skóla skal skólastjóri sjá til þess að blaðið fari í varðveislu í skjalasafni sveitarfélagsins eða til þess sem varðveitir skjalasöfn einkarekinna skóla. Slysaskráningarblöðin þurfa að vera aðgengileg ef foreldrar eða barnið sjálft þurfa á þessum upplýsingum að halda síðar á lífsleiðinni samkvæmt lögum um [þjóðskjalasafn nr. 66/1985](#).

Lögregluskýrsla

Ef alvarlegt slys verður í skóla eða slys sem veldur barni áverka sem hugsanlega getur tekið sig upp síðar á ævinni er mikilvægt að lögregluskýrsla sé gerð. Lögregluskýrsla greiðir fyrir afgreiðslu hjá tryggingarfélagum. Skýrslan er varðveitt hjá lögreglu. Skólastjóri getur óskað eftir afriti af henni ef þörf krefur.

Í þeim tilfellum sem hringt er á sjúkrabíl kemur lögregla oftast með. Lögregla biður um ýmsar upplýsingar tengdar slysinu. Það er ekki lögregluskýrsla heldur skýrsla vegna útkalls sjúkrabíls; því þarf að fá lögreglu á staðinn til að gera sérstaka lögregluskýrslu um atvikið eða biðja um að hún sé gerð samhliða skýrslu vegna útkalls sjúkrabíls. Skólastjóri ber ábyrgð á að lögregluskýrsla sé gerð. Hægt er að óska eftir því að hún sé gerð eftir á. Til að hægt sé að meta hvenær á að gera lögregluskýrslu þarf oft að bíða eftir að læknisskoðun hafi farið fram.

Ef gerð er lögregluskýrsla á að upplýsa foreldra og rekstraraðila um það.

Slys á börnum sem gera skal lögregluskýrslu um

- Öll alvarleg slys t.d. áverkar á innri líffærum, drukknun, umferðaslys.
- Höfuðhögg. Heilahristingur, brot, umtalsverð blæðing, bjúgur eða annar alvarlegur áverki.
- Brunaslys. Ef meira en 8-10% af líkamanum er brenndur og sár eru djúp.
- Öll beinbrot. Sama hversu lítil þau virðast vera. Komi í ljós að grunur um beinbrot er ekki réttur og barnið hefur aðeins tagnað illa þá er óþarfi að gera lögregluskýrslu.
- Tannáverkar. Alla áverka á tönnum þar sem spurning er um að fullorðinstennur hafi skaddast, dottið úr, brotnað eða losnað.
- Augnáverkar. Alla alvarlega augnáverka t.d. skerðingu á sjón.
- Klemmuáverkar. Ef fingur fer af eða hangir á húðþjötlu svo dæmi sé tekið.

Endurskoðun öryggismála eftir slys

Í kjölfar slyss er mikilvægt að starfsfólk skóla fari vel yfir það sem gerðist og kanni hvort unnt hefði verið að fyrirbyggja það.

Áður en farið er í slíka vinnu þarf að ganga úr skugga um að starfsfólk sem hlut á að máli eigi ekki um sárt að binda. Ef starfsmönnum líður illa er mikilvægt að þeir fái viðhlítandi áfallahjálp áður en greiningarvinnan á sér stað.

Samkvæmt [vinnuverndarlögum nr. 46/1980](#) ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem byggir á áhættumati. Við áhættumat þurfa starfsmenn að vera vakandi fyrir umhverfi sínu með tillit til slysavarna og bregðast við með viðeigandi hætti til að fyrirbyggja slys. Mikilvægt er að starfsmenn upplýsi skólastjóra um atvik sem jaðrar við slys til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Í mörgum tilvika alvarlegra slysa í skólum eru engin vitni og því liggja ekki alltaf fyrir upplýsingar um atburðinn. Til að koma í veg fyrir slíkt er mikilvægt að:

- Gera áhættumat á öllum svæðum skólans bæði inni og úti.
- Gera teikningu af lóðinni og gera áhættumat þar sem öll falin og hættuleg svæði eru skilgreind og merkt.
- Tryggja að mönnun sé í samræmi við áhættumat og að starfsmenn hafi yfirlit yfir öll svæði skólans þar sem börn eru, úti sem inni.
- Ef starfsmaður þarf að víkja frá því svæði sem hann einn hefur yfirsýn yfir gerir hann öðrum viðvart til að tryggja gæslu þess svæðis.
- Fara yfir allar aðstæður og verkferla þegar alvarleg atvik eiga sér stað og ræða ábyrgð starfsmanna. Ræða þarf hvað gerðist, hvernig var staðið að öryggismálum (t.d. hvers vegna ekki var starfsmaður á slysstað ef við á) og ákveða hvernig verkferlum verður breytt til að draga úr hættu á að slíkt endurtaki sig.
- Tryggja að allir starfsmenn þekki áhættumatið og verkferla sem því tengjast.

Viðtal við foreldra eftir alvarlegt slys

Þegar niðurstöður könnunar á slysi liggja fyrir er mikilvægt að skólastjóri bjóði foreldrum barnsins, sem slasaðist, viðtal. Í viðtalinu er farið yfir athugun skólans á tildrögum slyssins og hvað skólinn hyggst gera í framhaldinu. Með því að fara yfir það sem gerðist með foreldrum og til hvaða aðgerða hefur verið gripið í kjölfarið vex öryggistilfinning foreldra og traust þeirra til skólans. Því er mikilvægt að halda ekki upplýsingum, sem skipta máli, frá foreldrum.

Skólastjóri þarf að hafa allar upplýsingar um málið áður en hann tjáir sig um það.

Mikilvægt er að sveitarfélög/rekstraraðilar setji sér verklagsreglur um framkvæmd viðtala eftir alvarleg eða lífshættuleg slys.

Skólaráð og foreldrafélag

Mikilvægt er að foreldrum, skólaráði og foreldrafélagi sé tilkynnt um stöðu öryggismála í skólanum og að skólaráði sé greint frá alvarlegum atvikum sem upp koma. Eftirlitsskýrslur heilbrigðiseftirlits ættu að vera aðgengilegar fyrir foreldra.

Tilkynning á slysi – Hvert ber að tilkynna?

Mikilvægt er að ákveðin slys, sem verða á börnum í skóla, séu tilkynnt til þeirra aðila er málið varðar. Þau slys sem þarf að tilkynna eru skilgreind í kaflanum: [Slys á börnum sem gera þarf lögregluskýrslu um.](#)

Tilkynning til rekstraraðila

Tilkynna á öll slys til rekstraraðila til að tryggja að þeir hafi yfirlit yfir öll meiriháttar slys og geti gert viðeigandi ráðstafanir. Rekstraraðilar bera ábyrgð á því að öryggi barna sé tryggt. Rekstraraðili er auk þess ábyrgur fyrir fjármálum og því mikilvægt fyrir hann að hafa þessar upplýsingar t.d. þegar hann undirbýr fjárhagsáætlanir. Þetta ætti einnig að hjálpa við forgangsröðun viðhalds.

Mikilvægt er að verkferlar varðandi tilkynningar til rekstraraðila og þeirra sem hafa eftirlit með húsnæði og leiksvæðum á vegum rekstraraðila séu skýrir þannig að skólastjóri viti hvert hann á að tilkynna slys. Verkferlarnir og gerð þeirra er á ábyrgð rekstraraðila.

Heilbrigðiseftirlit

Heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélags veitir skóla starfsleyfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Starfsleyfisskilyrðin taka m.a. á öryggi og slysavörnum, húsnæði og búnaði, leikföngum, lóð, leikvallatækjum og leiksvæði, skráningu slysa og reglubundnu innra eftirliti. Sjá nánar [Starfsleyfisskilyrði fyrir leikskóla og grunnskóla](#) á vef Umhverfisstofnunar.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gerir árlega athugun á að kröfum um öryggi sé framfylgt og að reglubundið innra eftirlit hafi farið fram.

Ef rekja má slys til vanbúnaðar/bilunar á húsnæði, lóð eða öðrum þáttum, sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum skóla, skal tilkynna viðkomandi heilbrigðiseftirliti um slysið. Hægt er að nálgast [rafræn slysaskráningarblöð](#) á vef Umhverfisstofnunar.

Tilkynningar til tryggingafélaga

Mikilvægt er að skólastjóri hafi upplýsingar um þær tryggingar sem ná yfir starfsemi skólans. Sérstaklega er það mikilvægt þegar kemur að slysatryggingum barna. Í þeim tilfellum þar sem slys á barni er þess eðlis að gera þarf [lögregluskýrslu](#) þarf að tilkynna slysið til viðkomandi tryggingafélags. Um er að ræða þau tilfelli þar sem eftirmál geta orðið vegna slyssins og því nauðsynlegt að slysatilkynning sé skilvirk til að réttindi barns séu tryggð síðar. Þá getur þurft að tilkynna til tryggingafélags af öðrum ástæðum.

8. Almannaþarnir og viðbrögð við eldvörnum og náttúruvá

Almannaþarnir snúast um skipulag og stjórnerfi sem virkjað er á hættustundu. Samkvæmt [1. gr. laga um almannaþarnir nr. 82/2008](#) er markmið þeirra að skipuleggja og gera ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem unnt er, að:

- Almenninur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni.
- Umhverfi og eignir verði fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu, hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum.
- Veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

Lögin taka til samhæfðra almannaþarnaviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og eignum. Sveitarfélög fara með almannaþarnir í héraði í samvinnu við ríkisvaldið. Stjórn almannaþarnamála í hverju lögsagnarumdæmi er í höndum lögreglustjóra sem hefur almannaþarnanefnd sér til fulltingis. Lögreglustjóri fer einnig með stjórn leitar og björgunar í sínu umdæmi. Mikilvægt er að upplýsingar um viðbrögð við eldvörnum og náttúruvá séu til staðar í skólanum og þær séu skýrar. Skólastjóri setur upp viðbragðsáætlun fyrir sinn skóla og skal fylgja fyrirmælum almannaþarnanefnda á hverjum stað fyrir sig.

Sjá nánari upplýsingar á www.almannaþarnir.is

Rýming

Rýmingaráætlun skólans er skýr og hana má finna á heimasíðu skólans. Rýmingaræfingar eru haldnar a.m.k. tvisvar á ári.

Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er öllum sem staddir eru í skólanum skylt að yfirgefa bygginguna. Almannaþarnir í héraði opna fjöldahjálparstöð og halda skráningu um dvalarstaði fólks þar til því er heimilt að fara til síns heima.

Eldvarnir

Eldvarnirnar miða fyrst og fremst að því að tryggja líf og heilsu barna og starfsmanna. Eldvarnir geta einnig dregið verulega úr tjóni á eignum.

Eftirfarandi atriði eiga að vera til staðar og í lagi:

- Reykskynjarar. Nægjanlega margir og rétt staðsettir.
- Þekking á fyrstu viðbrögðum.

- Flóttaleiðir, nægilega margar, greiðfærar og teiknaðar á blað.
- Slökkvibúnaður af réttri gerð og rétt staðsettur.

Til að tryggja rétt viðbrögð þarf að huga að virkri umræðu í starfsmannahópnum um brunavarnir og viðbragðsáætlun ásamt reglulegum brunaæfingum meðal starfsmanna og barna.

Eldvarnareftirlitið mælir með að farið sé eftir leiðbeiningum um eldvarnir heimilisins í skólum. Sjá vef [slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins](#).

Náttúruvá

Íslendingar hafa oft þurft að takast á við óblíð náttúruöfl og hættulegar afleiðingar þeirra. Eldgos með tilheyrandi hraunrennsli, öskufalli og jafnvel jökulhlaupi, aurskriður, sjávarflóð og snjóflóð, jarðskjálftar, óveður og kuldi hafa bæði valdið manntjóni og fjárhagsskaða.

Loftgæði og svifryk

Á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#) eru upplýsingar um loftgæði og svifryk. Þar er einnig að finna upplýsingar um mælingar á svifryki.

Áhrif svifryks á heilsu fólks eru að miklu leyti háð stærð agnanna. Fínar agnir eru heilsufarslega mun hættulegri en þær grófu en agnir minni en 10 µm eiga auðveldara með að ná djúpt niður í lungun og geta því safnast þar fyrir.

Það sem getur leitt til aukins svifryks er t.d.:

- Þegar stilla er og þurrt í lofti, einkum á köldum vetrardögum, þá getur mengun safnast upp þar sem ekki er mikil hreyfing á lofti.
- Mikil umferð og þá helst við stórar umferðaræðar og nálægt verksmiðjum.
- Mikið rok en þá er mikið um uppfok á ögnum úr jarðvegi og umhverfi.

Eldingar

Hætta á eldingum getur skapast við þrumuveður og eldgos. Eldingahætta frá gjósandi eldstöð er mest í gosmekkinum sjálfum og getur breiðst út allt að 30-40 km undan vindi frá eldstöðinni.

Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is

Fárviðri

Þegar fárviðri geysar fara nemendur ekki einir úr skólanum. Ritari eða umsjónarkennari hringja heim ef börnin eru ekki sótt og nemendur bíða eftir að forráðamaður eða hans staðgegill sækji barnið í skólann.

Það telst fárviðri þegar vindhraði hefur náð 33 m/sek, sem jafngildir 64 hnútum (12 vindstig).

Flóðbylgjur

Flóðbylgjur eru mjög sjaldgæfar hér á landi en þær geta valdið miklu tjóni. Bylgjur geta myndast í kjölfar jarðskjálfta, jökulhlaupa og eldgosa, einnig getur hrun í landgrunninum eða hrun í sjó fram orsakað flóðbylgjur. Flóðbylgjur hafa valdið skaða í kjölfar snjóflóða. Fylgja skal leiðbeiningum frá almannavarnanefnd á svæðinu. Nánari upplýsingar er að finna á <http://www.almannavarnir.is/>

Að öðru leyti varðandi viðbrögð við náttúruvá vísast í sniðmát af viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar sem unnin voru af vinnuhópi sem skipaður var af Skólameistarafélagi Íslands í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Birt í apríl 2026

Endurskoðun öryggisáætlunar næst árið 2029 - full yfirferð og endurútgáfa.

